

Þau vötn

Að þeim vötnum
hallar úr höfuðáttum
brekkum
úr blaðsíðum ...

Eftir stígum koma stafirnir
fetandi: þetta er fólk!
Hvert orð er atvik, og málsgreinarnar
stynja af stórmælum,

baráttu
sælu
og sorg:

Það er hjartablóð sem steypist
í hjálparfossum
stall af stalli
niður, neðar

uns vötnin öðlast helgi af hugum og stundum.

Lesefni við lokahátíðir Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk 2009–2010



Skáld keppninnar

Ármann Kr. Einarsson
Þorsteinn frá Hamri

Raddir,
samtök um vandaðan upplestur og framsögn
febrúar 2010

Mýrin

Græn blundar mýrin
utan engjateiga;
fenjaglöð
fagnar hún árdagsgeislum
og öll smádýrin einnig.

Suma daga
safnar líf hennar skuggum.

Vertu ásamt
mér þessi mýri.
Um hana leggur enginn
fullkomlega
færan veg.

Textar eru valdir og búnir til fjölföldunar af Ingibjörgu Einarsdóttur, Þórði Helgasyni og Baldri Sigurðssyni til flutnings á lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk vorið 2010.

Búningur sögunnar eftir Ármann Kr. Einarsson er miðaður við munnlegan flutning: Lesmáli er skipt í jafna búta, sums staðar er fellt úr og greinarmerki sett þar sem þurfa þykir til glöggvunar fyrir hina ungu flytjendur.

Þula

Köllumst á
annað veifið,
þú og ég
og maðurinn sem fullyrðir stundum að sér leiðist ljóð.
Maðurinn sem fullyrðir að sér leiðist ljóð
veit ekki
að í hvert sinn sem ljóð verður til
berast í áttina til hans
skaðlitlar hugrenningar frá skrímslinu góða,
heimslýsing og helgifræði Dísu ljósálfs
og flugufætur alls konar sem kikna seint
miðað við myntfótinn.
Köllumst því á
annað veifið!
þú og ég
og maðurinn sem fullyrðir stundum að sér leiðist ljóð;
og hver veit
nema maður sem fullyrðir að sér leiðist ljóð
geti þrátt fyrir það
nært okkur
á ljóði lífs síns,
sært okkur
við ljóð alls lífs
dag og dag.

Efni kversins

INNGANGUR - LEIÐBEININGAR	4
YFIRLIT UM KAFLA SEM LESNIR VERÐA Í FYRSTU UMFERÐ, FLYTJENDUR ÞEIRRA OG RÖÐ.	6
FYRSTA UMFERÐ: SVIPMYNDIR ÚR SKÁLDSÖGUNNI <i>UNDRAFLUGVÉLIN</i> EFTIR ÁRMANN KR. EINARSSON.....	7
ÖNNUR UMFERÐ: LJÓÐ EFTIR ÞORSTEIN FRÁ HAMRI	26

Inngangur - leiðbeiningar

Um val á lesköflum

Hér birtist skyldubundið lesefni við lokahátíðir Stóru upplestrarkeppinnar vorið 2010. Þátttakendur lesa í þremur umferðum. Í fyrstu tveimur umferðunum lesa þeir efni úr þessu kveri, í þriðju umferð lesa þeir ljóð að eigin vali.

Í fyrstu umferð verða fluttar svipmyndir úr sögunni *Undraflugvél* eftir Ármann Kr. Einarsson. Sagan skiptist í 18 hluta, en það er hámarksfjöldi keppenda sem gert er ráð fyrir. Hæfilegt þykir víðast hvar að lesarar séu á bilinu 12 til 15 en ekki er gert ráð fyrir færri lesurum en átta.

Umsjónarmaður velur þá kafla sem henta fjölda lesara á hverjum stað. Til þess að sem best samhengi fáiist í flutninginn mælir undirbúningsnefnd með að þessir hlutar sögunnar séu valdir:

8 lesarar	1-8 eða 10-11 og 13-18
9 lesarar	1-9 eða 10-18
10 lesarar	9-18
11 lesarar	3-4, 9-11 og 13-18
12 lesarar	3-4 og 9-18
13 lesarar	5-11 og 13-18
14 lesarar	5-18
15 lesarar	3-11 og 13-18
16 lesarar	3-18
17 lesarar	2-18
18 lesarar	1-18

Flytjendur fá að undirbúa alla þá kafla sem valdir eru á hverri hátíð í viku til tíu daga.

Á lokaæfingu, eða daginn fyrir lokahátíð, fá flytjendur að vita nákvæmlega hvaða hluta þeir eiga að lesa. Til hægðarauka má skrá nöfn lesara við númer hvers hluta á yfirlitinu hér á eftir.

Ljóð

Þú sem hefur ferðast um fjallið í brjósti mínu
og veist allar leiðir þess,
segðu það engum.

Þú sem veist allt jarðeðli þess,
hvað það er myrkt og vandratað ókunnugum,
hvernig það bifast við minnstu snertingu,
segðu það engum.

Þú sem veist alla sköpun þess,
hvað það er torsótt í umferð daganna,
örðugt og þungfært hestum stálguðsins,
hvernig það grefur háreysti lýðsins
í svartan sand,
segðu það engum.

Þú sem veist hugarfar mannanna,
og hvernig þeir myndu bregðast við,
ef vegirnir opnuðust.

Þú sem veist alla dóma þess,
segðu það engum.

Segðu það engum.

Karlsson, Lítill, Trítill og fuglarnir

Jafnan þegar við karlssynir hyggjumst leysa vandann í logni
fellur á fárviðri
svo fiðrið úr sæng Daladrottningar
þyrlast um loft og lendur.

Og hvernig sem við reynum að sankna því saman
verður þrautin æ þyngri:
síðast vantar alltaf fáeinar fjaðrir –
og loks fallast okkur hendur.

Drottning treður ábúðarfull í sæng sína –
ekki er að efa hvað hún veit
því eldurinn logar glatt:
sennilega sýður hún okkur bráðum.

Nema við munum eftir náunganum
orðum hans, augum og höndum –
kannski getum við líka kallað á spörfugl

og erum ekki framar einir í ráðum.

Í annari umferð lesa þátttakendur eitt ljóð eftir Þorstein frá Hamri. Þeir skulu velja eitt af þeim tíu ljóðum sem prentuð eru í hefti þessu. Umsjónarmaður getur beitt áhrifum sínum til að val nemenda dreifist á sem flest ljóð.

Í þriðju umferð lesa þátttakendur ljóð algerlega að eigin vali, bundið eða óbundið, nýtt eða gamalt.

Um kynningu

Áður en upplestur hefst fer vel á að kynna flytjendur með nafni og úr hvaða skóla þeir eru. Annaðhvort gerir kynnir það eða flytjendur gera það sjálfir. Eftir að upplestur hefst þarf ekki að kynna þá frekar.

Í upphafi fyrstu umferðar fer vel á að kynnir lesi inngang að sögu Ármanns Kr. Einarssonar, eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur þurfa ekki að kynna efnið frekar, heldur lesa sinn hluta beint af augum svo sagan myndi eina samfellda heild. Þeir eiga ekki að segja númer þess hluta sem þeir lesa en þeir eiga að lesa fyrirsagnir þar sem þær eru.

Í upphafi annarrar umferðar fer vel á að kynnir lesi inngang að ljóðunum eftir Þorstein frá Hamri eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur kynna aðeins heiti ljóðsins sem þeir hafa valið, en eiga ekki að endurtaka nafn skáldsins.

Í þriðju umferð getur kynnir þess í upphafi að flytjendur lesi ljóð að eigin vali. Þeir kynna sjálfir heiti ljóðsins og höfund þess.

Um röð flytjenda

Vel fer á að flytjendur sitji í sömu röð og þeir lesa söguna í fyrstu umferð. Óþarfi er að nemendur úr sama skóla sitji saman. Í annari umferð er byrjað á þeim sem var fjórði eða fimmti í fyrstu umferð, svo lesið í sömu röð og endað á þeim sem situr við hlið þess sem byrjaði. Í þriðju umferð er byrjað enn aftar og röðinni fylgt eins og áður.

Yfirlit um kafla sem lesnir verða í fyrstu umferð, flytjendur þeirra og röð.

1. _____
2. _____
3. _____
4. _____
5. _____
6. _____
7. _____
8. _____
9. _____
10. _____
11. _____
12. _____
13. _____
14. _____
15. _____
16. _____
17. _____
18. _____

Morgunn

Einn stálbjartan morgun gengur guð um strætin og heyrir einungis tölvunnar tif í turnum hljóðum.

Vistleg er borgin; vélmenni hafa sópað leifum fólksins í luktar þrær.

Samt er guð ekki glaður. Hann gengur um staðinn líkt og hann óski að geta þó sagt um síðir:

Enn er hjarta hér og slær.

Fjall

Fjall sem þú ert að skoða og fást við hefur margar hliðar og fleti; þú gengur umhverfis það, klífur það og kannar hvert drag, hvern dýjakrók, hverja skriðu, einkum með tilliti til greiðfærra leiða. Þó er fremur ólíklegt að þú bindir mesta tryggð við þá staði þar sem uppgangan er auðveldust og ferðalangar leita helst útsýnis. Því fjall er merkileg eign: þegar alls er gætt sérðu fjall einungis frá þeirri ógleymanlegu hlið sem þér var gefið það.

Fyrsta umferð: Svipmyndir úr skáldsögunni *Undraflugvélin* eftir Ármann Kr. Einarsson

Inngangur kynnis

Skáld Stóru upplestrarkeppninnar að þessu sinni eru tvö: Ármann Kr. Einarsson og Þorsteinn frá Hamri.

Ármann Kr. Einarsson fæddist árið 1915 í Neðradal í Biskups-tungum í Árnessýslu og lést árið 1999. Ármann var eins og margir íslenskir rithöfundar aðeins rithöfundur að hlutastarfi en mestan hluta ævi sinnar starfaði hann sem lögregluþjónn og kennari. Þrátt fyrir það skrifaði hann fjölda barna- og unglinga-bóka, skáldsögur og smásögur. Einna þekktastur var Ármann fyrir bækurnar um Árna í Hraunkoti, en þær eru sannkallaðar ævintýrabækur og nutu fádæma vinsælda. Margar þýðingar hafa verið gerðar á bókum Ármanns og hlaut hann fjölda viðurkenninga og verðlauna bæði héraendis og erlendis.

Við heyrum hér lesinn kafla úr bókinni *Undraflugvélin*. Árni er á leið til Reykavíkur til að hefja nám í flugskóla. Árni var sendur í sveit af einstæðri móður sinni í Reykjavík, fyrst og fremst til að forða honum frá spillingu og slæmum félagsskap í höfuðborg-inni. Nú snýr hann aftur og byrjar á að heimsækja móður sína.

Í þessum kafla koma fyrir nöfn sem öll skipta miklu máli í bókunum um Árna eins og Gussi á Hrauni, Magnús og Jóhanna, sem voru húsbændur í Hraunkoti, og systurnar Rúna og Helga. Þá fáum við aðeins að kynnst Olla ofvita sem bjó yfir sérstökum gáfum, var ólánlegur útlits en gat gert við þyrlur og nánast hvaða maskínu sem var.

1.

Rautt, gult og bleikt! Það voru litirnir, sem alls staðar blöstu við augum. Það var ekki um að villast, haustið var komið. Napur vindur blés af fjöllum og þyrlaði með sér visnu skógarlaufi. Lyng og mosi hraunsins, já, náttúran öll ljómaði í þúsund litbrigðum.

Árni í Hraunkoti horfði löngunarfullum augum á eftir farfuglunum sem flugu í suðurátt. Hann brann í skinninu af óþreyju að halda í sömu átt og þeir. En Árni vissi að hann gat ekki farið til Reykjavíkur fyrr en smalamennsku og öðrum haustönnum var lokið í Hraunkoti.

Hvers vegna þráði Árni svona ákaft Reykjavík? Hann var þó ekki vanur að vera hrifinn af að dvelja í höfuðborginni eftir að hann kynntist sveitalífinu. En ástæðan til þess að Árni taldi nú dagana, uns hann kæmist suður, var einfaldlega sú að hann hafði látið innrita sig í flugskóla einkaflugmanna. Þó að hann hefði lært dálítið að fljúga í Englandsferðinni frægu þá átti hann eftir margt að nema viðvíkjandi flugi, bæði í verklegum og bóklegum fræðum, og auk þess mátti enginn fljúga einsamall nema hafa próf. Já, það þurfti sannarlega að kunna meira en að sitja við stýri í flugvél og geta rétt stjórnað henni. Það er ekki alltaf barnaleikur að fljúga yfir fjallstindum og jöklum öræfanna. Þar var allra veðra von.

Dagar og vikur liðu. Fyrr en varði var hauststörfunum lokið í sveitinni. Og hinn rauðgullni litur lyngs og mosa var horfinn fyrir hrimgráum fölvum sem boðaði komu vetrarins.

Ljóð

Í hugskoti mínu djúpt
leynist þú og læst sofa
en bíður þess að flögra út
eftir orðum í nóttina.

Þannig, aðeins þannig, heldurðu þér heilu
að rökkrið gæti þín
og þannig einungis þannig
villistu hæfilega langt.

Sama hóm mun ég líka kjósa þegar ég leita þín
ljóð mitt ósk mín og óráð
við komum skelfd til baka í morgunsárið
og förum hvort á sinn stað í felur.

Manneskjan er þó aldrei annað en manneskja
sömuleiðis vænti ég að þú sért þessa heims
það er að sönnu ófriðlegt hlutskipti
en skyldum við mega vænta annars?

Mörg eru ljóðin

Mörg eru ljóðin glaðbeitt og græn
ofsareið og eldrauð
blá eins og heiðríkjan
brún eins og lyng haustsins
og koma inn til manna auðmjúk eða krefjandi.

Vera má að önnur ljóð segi öllu færra;
sum koma sjónvot
og sumum fer eins og beitarhúsamanni
sem barist hefur alla nóttina við staðardrauginn:

það líður yfir þau í ljósinu.

2.

Kaldan dag, seint í október, stóð svo Árni ferðbúinn á hlaðinu í Hraunkoti. Eins og svo oft áður ætlaði Gussi á Hrauni að aka honum á jeppanum niður að Sólvöllum í veg fyrir áætlunarbílinn. Rúna og Helga litla áttu að fá að sitja í að gamni sínu. Reyndar vildi Gussi helst að Helga yrði kyrr heima en Rúna aftók með öllu að fara nema systir hennar kæmi með og varð það svo að vera.

Árni kvaddi Magnús bónda og Jóhönnu húsfreyju.

- Æ, ég er nú hálfveginn að þú ert þó ekki að fara alla leið til útlanda í þetta sinn, Árni minn, mælti Jóhanna.

- Ég vona að þú verðir kominn aftur heim fyrir jólin, mælti Magnús bóndi að skilnaði.

- Það vona ég líka ef allt gengur að óskum, svaraði Árni um leið og hann hoppaði upp í jeppann.

Gussi setti jeppann í gang, steig harkalega á bensíngjöfina svo að skothvellir kváðu við og kolsvartur reykur gaus aftur úr farartækinu um leið og það þeyttist af stað í hálfgerðum loftköstum.

- Ó, ó! hrópuðu systurnar og gripu hvor í aðra. Þær héldu víst að jeppinn mundi velta um koll.

- Jeppinn minn er nú ekki eins og hjólbörur, mælti Gussi og leit hróðugur til Rúnu eins og hann byggist við að hún kynni að meta glannaskap hans.

En Rúna tautaði eitthvað um fíflalæti en lét ekki svo lítið að virða Gussa viðlits.

- Þetta hafa átt að vera eins konar fallbyssuskot mér til heiðurs, mælti Árni kímileitur.

3.

Á leiðinni til Reykjavíkur bar fátt til tíðinda. Áætlunar-bíllinn stansaði á venjulegum viðkomustöðum og tók sums staðar póst og böggla, og nokkrir farþegar bættust við í hópinn.

Um leið og bílstjórinn stöðvaði bíllinn fyrir framan afgreiðsluna í Reykjavík greip Árni tösku sína og flýtti sér út. Það var einhver órói eða eftirvænting sem rak hann áfram. Hann væri ekki í rónni fyrr en hann væri búinn að ljúka flugprófinu og fá flugvirkja til þess að setja saman litlu vélina sína.

Það urðu miklir fagnaðarfundir með mæðginunum, eins og venjulega. Í litlu kjallaraíbúðinni var hlýtt og notalegt og alls konar kræsingar á borðum eins og alltaf þegar Árni var á ferðinni. En vænst þótti Margréti um að sonur hennar ætlaði nú að dveljast hjá henni í nokkurn tíma, en ekki að gista aðeins í eina eða tvær nætur.

Daginn eftir hraðaði Árni sér suður á flugvöll til að hitta kennara flugskólans. Það stóð allt heima eins og um hafði verið talað. Nafn Árna Torfasonar stóð á skránni yfir væntanlega nemendur. Og námskeiðið átti að hefjast eftir tvo daga. Árni vildi byrja strax. Honum fannst langur tími að bíða í tvo daga en um annað var víst ekki að ræða.

Svo rann upp sú langþráða stund að fyrsta kennslustundin skyldi hefjast.

Flugskólinn var í lítilli skúrbyggingu á flugvælinum og þangað streymdu nemendurnir síðdegis tiltekinn dag.

Kennarinn las upp nöfn væntanlegra nemenda og þegar allir viðstaddir voru sestir hófst kennslan.

Sumir dagar –

Sumir dagar eru hús
sem við læsum vandlega
áður en við kveðjum
og hverfum út á vettvang árána

en ef við síðar förum þar hjá
af tilviljun
sjáum við allar dyr opnar –
börn dvelja þar að leik

og það sem mest er um vert:
sólin skín ótrúlega glatt á húsið.

Önnur umferð: Ljóð eftir Þorstein frá Hamri

Inngangur kynnis

Þorsteinn frá Hamri, Jónsson, fæddist árið 1938 að Hamri í Þverárhlið. Hann er einkum kunnur fyrir ljóð sín en hefur auk þeirra samið skáldsögur, þýtt verk erlendra höfunda og tekið saman efni tengt íslenskri sögu og þjóðlífi. Ljóð Þorsteins eru sérlega faguð. Þótt þau séu ort í anda módernisma standa þau traustum fótum í sögu þjóðarinnar en fjalla jafnframt um stöðu nútímamannsins á viðsjárverðum tímum.

Þorsteinn hefur hlotið fjölda viðurkenninga og verðlauna fyrir verk sín og má þar nefna Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 1992 og nú síðast verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu í haust.

Nemendur geta valið milli tíu ljóða Þorsteins, en þau eru:

Sumir dagar
Mörg eru ljóðin
Ljóð
Fjall
Morgunn
Karlsson, Lítill, Trítill og fuglarnir
Ljóð
Þula
Mýrin
Þau vötn

Óhjákvæmlegt er að sumir flytjendur lesi sama ljóðið, en það gefur okkur hlustendum færi á að njóta mismunandi túlkunar.

4.

Árni vissi ekki hvernig tíminn leið. Hann rankaði fyrst við sér þegar kennslustundinni var lokið.

Nemendurnir fóru að smátínast í burtu. Sumir töluðu einslega við kennarann. Árni þóttist vita að þeir væru að ræða um æfingatíma í flugi. Þeir fóru fram að deginum til, í litlum tveggja manna flugvélum, en bóklegu tímarnir ýmist síðdegis eða á kvöldin.

Árni dokaði við. Hann ætlaði að ítreka beiðni sína um að fá að fella niður einhvern hluta hinna tilskildu flugtíma. Og ef hann fengi það ekki voru mestar líkur til að hann gæti ekki lokið flugprófinu. Hann hafði ekki nóga peninga til að borga fjörutíu og átta flugtíma.

Loks voru allir nemendurnir farnir og Árni sá sér færi á að tala við kennarann.

- Hefur ákvörðun verið tekin um þá beiðni sem ég lét fylgja umsókn minni, að ég þyrfti ekki að taka alla flugtímana sem tilskilið er? spurði Árni.

Kennarinn virti Árna fyrir sér um stund eins og hann væri að vega og meta hvort þessi hægláti drengur væri líklegur til að kunna nokkuð fyrir sér í fluglistinni.

- Það kemur í ljós þegar þú ferð að fljúga hvað þú kannt mikið. Og fyrr er ekki hægt að gefa svar um hvort þú færð að sleppa einhverju af flug tímunum, mælti kennarinn vingjarnlega.

Árni varð að sætta sig við þetta svar að svo stöddu en hann var bjartsýnn um úrslitin. Hann kvaddi flugkennarann og hraðaði sér heim á leið.

5.

Daginn eftir var Árni snemma á fótum og honum fannst tíminn aldrei ætla að líða. Hann var fullur óþreyju og eftirvæntingar. Nú var framhaldið á æfingaflogi hans úti í Englandi að hefjast og hann varð að sýna og sanna hvað hann gæti.

Rétt fyrir klukkan ellefu rann lítil einhreyfils kennsluflugvél upp að dyrunum á flugskýlinu. Nemandinn, ungur maður, stökk út úr vélinni, en flugkennarinn sat kyrr í sæti sínu. Kennarinn ýtti flugmannsglerauginum upp á ennið og þurrkaði sér í framan með vasaklút.

- Næsti! kallaði hann og röddin var hvöss og skipandi.

Árni gekk að flugvélinni og heilsaði.

- Átt þú að fljúga? spurði flugmaðurinn í sama tón og áður.

- Já, ég átti að mæta í flugtíma klukkan ellefu, svaraði Árni og lét sér hvergi bregða þótt flugkennarinn væri ekki sérlega mjúkur á manninn. Undir niðri saknaði hann unga kennarans frá kvöldinu áður.

- Drífdú þig þá upp í flugvélina, strákur, og sestu hérna við hliðina á mér.

Árni lét ekki segja sér það tvisvar, snaraði sér í auða sætið við hlið flugkennarans, kom sér þar sem best fyrir og spennti öryggisbeltið.

Flugmaðurinn ræsti hreyfilinn og ók flugvélinni án tafar út á flugbrautina. Þar sneri hann henni upp í goluna og jók hraðann að miklum mun.

Árni tók eftir því að kennarinn gaf honum gætur í laumi. Ætli hann búist við að sjá einhver hræðslumerki á mér? hugsaði hann. Nei, hann skal verða að finna sér eitthvað annað til skemmtunar.

18.

En þá kvaðst Olli hafa tekið til sinna ráða. Hann smíðaði sjálfur lykil til að komast inn í flugskýlið eftir vinnutíma. Og þess vegna hafði hann verið hér í kvöld en orðið hræddur þegar hann heyrði einhvern koma og falið sig inni í einni flugvélinni. Og svo var það bannsett vekjaraklukkan sem kom upp um hann.

Árni lét í ljós efasemdir um að þessi ótrúlega frásögn Olla væri sönn og réttast væri að ná í lögregluna.

Þá umhverfðist ofvitinn. - Nei, nei, nei, ekki kalla á lögguna, hún er alltaf að skamma mig.

- Eitthvað hefur þú þá brotið af þér? spurði Árni.

- Ég er oft á hjóli, sagði ofvitinn.

- Nú, ekki er neitt athugavert við það, nema þig vanti ljós eða bjöllu á hjólið, eða þú brjótir umferðarreglurnar á annan hátt, mælti Árni efablandinn.

- Ég hef ljós og bjöllu, sagði Olli, en ég gleymi mér þegar ég er að hugsa um vélar og uppfinningar, og þá hjóla ég stundum á hvað sem fyrir er, hús, staura, girðingar – og kannski á karla og kerlingar, bætti hann við eftir nokkra þögn.

Árni gat ekki varist brosti. Það var sem hann sæi ofvitann geysast áfram á reiðhjóli og skeyta ekkert um hvað fyrir varð, hvorki dautt né lifandi.

Eftir því sem þeir töluðu lengur saman komst Árni á þá skoðun að saga Olla væri sönn í öllum aðalatriðum. Hann var svo skrytinn og barnalegur að það væri fráleitt að hann ætti til nokkurt fals eða hefði illt í hyggju.

Endirinn á þessu kvöldævintýri varð sá að Árni og Olli ofviti skildu sem mestu mátar og ráðgerðu að hittast seinna þarna í flugskýlinu.

17.

Árni fékk svarið við þeirri spurningu þegar hann hafði rappað nokkra stund við Olla, þennan skrytna unga mann sem var í senn svo barnalega einlægur og opinskár, dreyminn og dularfullur en jafnframt einfaldur, já, beinlínis bjánalegur.

Fullu nafni kvaðst hann heita Ólafur, en hann væri nærri búinn að gleyma því nafni. Frá því fyrst hann mundi eftir sér var hann kallaður Olli. Og þegar hann stækkaði var bætt við auknefninu ofviti. Hann átti engin systkini og ekki heldur neina mömmu. Mamma hans hljóp burt þegar hann var pínulítill og kom ekki aftur. Hann ólst upp hjá föður sínum og meðan faðir hans var að vinna úti í bæ var hann lokaður inni og varð að leika sér aleinn heima.

En Olli lék sér ekki að hringlum, kubbum, teiknibókum og litum eins og mörg börn gera á hans aldri. Nei – ónei, hann henti öllu slíku frá sér. En öðru máli gegndi um bíla, skip, járnbrautir, flugvélar og önnur tæki. Reyndar eignaðist hann sjaldan slík leikföng sjálfur en komst einstaka sinnum í dótið hjá öðrum krökkum. Hann var ótrúlega fljótur að komast upp á lag með að rífa leikföngin í sundur og setja þau saman aftur svo vel að engin missmíði sáust. Skemmtilegast var að gera við leikföngin þegar þau biluðu.

Olli sagðist hafa mestan áhuga á flugvélum eftir að hann stækkaði. Að vísu langaði hann ekkert til að fljúga, heldur gramsa í margbrotnum vélahlutum. Flestum dögum eyddi hann hér suður í flugskýli. En nú væru flugvélavirkjarnir orðnir svo leiðir á honum að þeir rækju hann oftast út.

6.

Flugvélin þaut nú eftir flugbrautinni með ofsahraða. Allt í einu tók hún dálítinn kipp eða dýfu og um leið losnaði hún við jörðina. Smám saman hækkaði vélin flugið og innan lítillar stundar sveif hún hátt yfir bænum.

Kennarinn byrjaði á því að útskýra fyrir Árna stjórn-tæki og mæla flugvélarinnar, og var nú mun mildari í máli.

En þetta kom ekki Árna neitt ókunnuglega fyrir sjónir. Hann jánkaði kurteislega leiðbeiningum kennarans og skaut inn í nokkrum orðum öðru hvoru frá eigin brjósti.

Já, ég man að þetta er einmitt svona, eða, já rétt er nú það.

- Nú, ég held þú kunnir þetta allt saman, mælti flugkennarinn og leit undrandi á Árna.

- Nei, það er nú of mikið sagt en ég lærði samt dálítið að stjórna litlum flugvélum þegar ég var úti í Englandi í sumar, svaraði Árni hógvær. Hann vildi ekki láta kennarann halda að hann væri neinn gortari eða monthani.

- Ja, hérna lagsmaður, þú ert ekki allur þar sem þú ert séður, sagði flugkennarinn brosandi. Ég held sé best að þú takir við stjórninni og lofir mér að sjá kunnáttu þína.

- Það getur verið að ég hafi gleymt einhverju, svo er þessi flugvél ekki nákvæmlega eins og sú sem ég lærði á, svaraði Árni hikandi.

- Öllu er óhætt, ég sit við hliðina á þér, mælti kennarinn öruggur og ákveðinn og skipti um sæti við Árna.

Árni tók þegjandi við stýrinu. Honum var það fullkomlega ljóst að ekki dugðu orðin tóm. Hann varð að sýna hvað hann gæti.

7.

Í fyrstu voru handtök Árna svolítið fálmandi og hann var ekki alveg laus við óstyrk. Hann fann hvernig kaldur sviti spratt út á enninu. En brátt komst Árni að raun um að hann hafði fullt vald yfir flugvélinni og þá hvarf honum allur ótti. Hann hafði engu gleymt frá í sumar.

Flugkennarinn fylgdist nákvæmlega með hverri hreyfingu Árna.

- Ég held að þú gætir bara kennt mér, mælti flugkennarinn og hló.

Árni svaraði þessu ekki neinu. Hann vissi ekki hvort þetta átti að vera hrós eða hvort verið væri að draga dár að honum.

- Nei, án alls gamans, hélt flugkennarinn áfram í vingjarnlegum rómi, ég lít svo á að þig vanti lítið annað en prófið.

- Það þykir mér vænt um að heyra, mælti Árni og það glaðnaði yfir honum.

- Já, svona góðan nemanda hef ég ekki haft fyrr, sagði flugkennarinn og lagði áherslu á orðin.

Árni hækkaði flugið. Allt á jörðu niðri virtist minnka einkennilega mikið. Húsin sýndust ekki stærri en eldspýtnastokkar og bílarnir þumlunguðust áfram eins og ofurlitlar pöddur.

- Það er best að lækka flugið aftur, við erum bráðum búnir að vera uppi í klukkutíma og þurfum að fara að lenda, mælti flugkennarinn.

Árni gerði eins og fyrir hann var lagt og fljótlega var vélin yfir flugvellinum.

- Ég tek nú við stjórninni, þú æfir seinna landingu, mælti kennarinn og þokaði Árna til hliðar.

16.

Þegar ofvitinn var kominn niður úr flugvélinni og stóð þarna fyrir framan Árna eins og bogið tólgarkerti, kom í ljós að hann var með einhver ósköpin í vösunum á þrönga samfestingnum sínum.

- Hvað ertu með í vösunum? spurði Árni tortrygginn. Honum flaug í hug að líklega væri Olli ekki eins saklaus og hann leit út fyrir að vera.

- Það er dótið mitt sem ég hef alltaf með mér, mælti ofvitinn og byrjaði að tína upp úr vösunum sínum til þess að sýna Árna.

Árni horfði með vaxandi undrun á hið undarlega samsafn sem upp úr vösunum kom. Það voru alls konar skrúfur, skífur, naglar, lykkjur, gormar, fjaðrir, vírspottar, stálþynnur, lyklar og ýmis undarleg gangvirki sem mátti trekkja upp; tannhjól, lítill kíkir, vasaljós, sundurtekin úr og vekjaraklukkan.

- Það var þessi sem hringdi óviljandi og kom upp um felustað minn, mælti Olli ofviti og benti á vekjarklukkuna. Ég smíðaði í hana stykki sem var ónýtt, bætti hann við dálítið hreykinn.

Árni þurfti ekki fleiri sannanir. Hann vissi að Olli hefði hvergi getað stolið þessu. Þetta var auðsjáanlega gamalt samsafn, sitt úr hverri áttinni og einskis nýtt í þokkabót. Margir drengir léku sér að svona hlutum meðan þeir voru litlir en tæplega eftir að þeir voru komnir á aldur við Olla. Nei, það var líklega engin vitleysa að hann væri ofviti eða hálfviti. Að minnsta kosti var hann öðruvísi en fólk er flest. En hvernig stóð á ferðum hans hér inni í flugskýlinu svona seint um kvöld?

15.

- Ertu vanur að brjótast hér inn? spurði Árne og gat ekki leynt undrun sinni.

Maðurinn var nú sestur flötum beinum á flugvélargólfið og starði skelfdum, náhvítum augum á Árna.

- Nú-hú, þú ert alveg nýr hérna, sagði hann loks dræmt og hélt áfram að glápa.

Árne fór nú að efast stórlega um að þessi náungi væri með öllum mjalla, hann gat verið sjúklingur sem hafði sloppið frá Kleppi. Að minnsta kosti var þetta harla einkennilegur innbrotspjófur.

- Hver ertu? spurði Árne skipandi röddu og leit hvasst á náungann.

- Þekkirðu mig ekki? Ég – ég er hann Olli ofviti.

- Nei, Árne þekkti ekki Olla ofvita. Hann hafði hvorki kynnst ofvitum, kvartvitum né hálfvitum um ævina.

- Komdu niður úr flugvélinni, það er best að láta lögregluna tala við þig lagsmaður, sagði Árne og vissi ekki hverju hann átti að trúá um þennan undarlega mann.

- Vertu ekki vondur við mig, ég tek aldrei neitt og skemmi ekkert hérna inni, sagði Olli ofviti og leit biðjandi á Árna.

Árne horfði þegjandi á ofvitann, meðan hann klöngraðist niður úr flugvélinni. Þetta var kornungur maður, líklega lítið eldri en hann sjálfur og ekki einu sinni farið að vaxa skegg. Hann var ákaflega langur og mjór og þegar hann hreyfði sig var eins og hann einhvern veginn hlykkjaðist áfram. Andlit hans var líka langt og mjótt og augun dreymandi og fjarræn, líkt og þau stöðu í órafjarska, kannski alla leið til stjarna og annarra himintungla.

8.

Árne varð fyrir hálfgerðum vonbrigðum að fá ekki sjálfur að lenda vélinni. Þegar kennarinn hafði rennt flugvélinni niður á völlinn og stöðvað hreyfilinn bar Árne upp þá frómu ósk, sem honum lá þyngst á hjarta – hvort hann mætti sleppa einhverju af flugtímunum.

- Það veit ég ekkert um, við getum athugað það seinna, ansaði flugkennarinn og var nú jafnhryssingslegur og stuttur í spuna eins og þegar Árne settist upp í vélina. Að svo mæltu steig hann út úr flugvélinni og strunsaði burt.

Árne glápti á eftir mannum og skildi ekkert í þessu háttalagi hans, eins og það stæði í einhverju sambandi við loftþyngdina. Það var afleitt á jörðu niðri en léttist eftir því sem ofar dró.

- Já, margt er nú skrýtið, hugsaði Árne og það brá áhyggjuskugga yfir svip hans. Það ætlaði ekki að ganga greiðlega að ná samkomulagi um þessa flugtíma. Kannski yrði hann neyddur til að hætta í flugskólanum þrátt fyrir allt?

Þegar Árne var búinn að vera rúma viku í flugskólanum hafði hann ekki fengið neitt ákveðið svar um hvort hann þyrfti að taka alla flugtímana.

Allt var eins og fyrsta daginn. Kennarinn í bóklegu fræðunum var alltaf jafnvíðmótsþýður og vingjarnlegur, en gaf aldrei nein ákveðin svör og vísaði jafnan til flugkennarans. En flugkennarinn var ætíð eins og engill uppi í loftinu, hældi Árna á hvert reipi og lofaði öllu fögru. En jafnskjótt og hann nálgast jörðina eða hafði fast land undir fótum, umsnerist hann, var hinn þverasti og vildi ekki lofa neinu.

9.

Árni gerði sér það ljóst að hann varð að vera þolinmóður. Enn var hann ekki búinn að missa vonina um að úr rættist fyrir sér. En stundum, sérstaklega á kvöldin, gat hann ekki að því gert að eirðarleysi sótti á hann. Þá óskaði hann þess að vera horfinn heim að Hraunkoti.

En brátt fékk Árni nýtt viðfangsefni til að glíma við. Og eftir það þurfti hann ekki að láta sér leiðast.

Á kvöldin, þegar lokið var kennslutímunum í flugskól- anum, veitti Árni því athygli að það var oft ljós úti í flugskýlinu.

Eitt sinn lagði Árni lykkju á leið sína og gekk út að skýlinu. Þar voru flugvélavirkjar að vinna við alls konar viðgerðir á flugvélum. Árni staldraði við og athugaði vandlega hina ýmsu sundurteknu flugvélahluta. Og þá var ekki síður athyglisvert að gefa gaum að vinnuaðferð- um og þeim verkfærum sem viðgerðarmennirnir notuðu.

Árni gat staðið tímunum saman og virt fyrir sér vinnubrögð flugvélavirkjanna. Sérstaklega var honum umhugað að vita hvernig flugvélar voru teknar í sundur og settar saman.

Í fyrstu vonaði Árni að hann gæti lært það mikið, svona af sjálfsdáðum, að hann væri fær um að setja sjálfur saman litlu flugvélinu sína. En fljótlega varð honum ljóst að það verk væri vandasamara en svo að það yrði lært á stuttum tíma. Samt var Árni svo áfjáður að fylgjast með starfi flugvélavirkjanna að hann gleymdi oft stað og stund. Og hver vissi nema sú kunnátta, sem hann aflaði sér nú, kæmi honum að góðum notum síðar, þó að hann gæti ekki sett flugvélinu sína saman hjálparlaust.

14.

Árni átti þó bággt með að trúa því að þrjótunum hefði tekist að laumast út. Hann hafði alltaf haft auga með dyrunum. Nei, þetta var alveg óskiljanlegt. Árna fór að verða órótt. Hvaða grein gat hann sjálfur gert fyrir ferðum sínum? Gat það ekki farið svo að hann yrði sjálfur tekinn fastur? Kannski grunaður um þjófnað?

Allt í einu kvað við hávær hringing.

Árni hrökk í kút. Var þetta þjófabjalla eða hvað?

Áður en hinn skæri, klingjandi hljómur dó út greindi Árni að hann kom frá einni flugvélinni. Þetta var í meira lagi kynlegt. Það var ekki venjulegt að sjálfvirk hringingartæki væru í flugvélum.

Árni herti upp hugann og gekk að flugvélinni sem honum heyrðist hringingin koma frá, opnaði hurðina og gægðist inn. Hann hrökk ósjálfrátt aftur á bak og rak upp lágt óp. Á gólfinu í flugvélinni var maður bröltandi á fjórum fótum.

Áður en Árni gæti áttað sig á hvað til bragðs skyldi taka, byrjaði maðurinn á gólfinu að tauta fyrir munni sér og það vottaði fyrir gráthljóði í röddinni eins og hjá hræddu barni sem eitthvað hefur brotið af sér.

- Ég skal aldrei gera þetta oftar – ég skal aldrei gera þetta oftar.

- Ertu einn hérna? spurði Árni hvasst. Honum óx kjarkur þegar hann sá að innbrotspjófurinn var ekki burðugri en þetta. Það leit ekki út fyrir að það væri erfitt að glíma við hann.

- Þið vitið að ég er alltaf einn, tautaði manngarmurinn jafnaumlegur í bragði og áður.

13.

Árni fíkraði sig aftur í áttina til dyranna. Þá rak hann af tilviljun höndina í harða kúlu á veggnum. Hann fann undir eins að þetta var rofi. Og í einhverju fáti þrýsti hann á hnappinn. Í sama bili kviknuðu öll ljós í flugskýlinu.

Árni skimaði í allar áttir. Hann bjóst við að þrjótarnir mundu ráðast umsvifalaust á sig þegar þeir gætu ekki látið myrkrið skýla sér lengur.

Árni stóð nokkra stund eins og negldur við gólfið, albúinn því versta. En ekkert skeði og það sáust engin merki þess að nokkur lifandi sála væri þarna inni.

- Þeir hafa falið sig undir einhverri flugvélinni, bannsettir þrjótarnir, hugsaði Árni en ekki bar það vott um hreystimennsku.

Árni komst nú að nýju í vígahug. Það var líka um seinan að ætla sér að laumast út óséður og ná í lögreglu þegar búið var að kveikja ljósin.

Árni gleymdi allri varkárni. Áður en hann vissi af var hann farinn að leita í flugskýlinu.

Í fyrstu fór Árni mjög gætilega, hann ætlaði ekki að láta þessa dularfullu náunga koma sér að óvörum, kannski grípa í fætur sína út úr einhverju skúmaskotinu.

Innan lítillar stundar hafði Árni leitað undir hverri flugvél í skýlinu en einskis orðið vísari. Hann hélt samt leitinni áfram og gáði vandlega alls staðar þar sem skugga bar á, til dæmis undir viðgerðarborðunum og bak við stafla af vörukössum. En allt kom fyrir ekki, hvergi varð Árni var við neina lifandi veru, ekki svo mikið sem vesælan flækingskött. Honum fannst þetta harla einkennilegt. Hann hafði heyrt eitthvert þrusk og séð brugðið upp ljósi.

10.

Fjórða kvöldið, sem Árni lagði leið sína út að flugvéla-skýlinu, gerðust þeir óvæntu og einkennilegu atburðir sem urðu upphaf lausnar á vandamálinu er Árni bar svo mjög fyrir brjósti.

Það var ekki fyrr en Árni var kominn að skýlinu að hann veitti því athygli að ljósið, sem lagði út um gluggana, var aðeins dauf glæta eins og það logaði á lítilli týru. En venjulega var allt uppljómað þarna inni.

Árni tók í hurðina. Hún var ólæst og hrökk upp og um leið ískraði ámátlega í hjörunum. Í sama bili var ljósið slökkt og kolsvart myrkrið gein við svo að ekki sá handa skil.

Snöggvast stirðnaði Árni upp af hræðslu og kaldur sviti spratt út um hann. Hann jafnaði sig þó fljótlega en gat samt ekki losnað við ónotageig og hönd hans, sem enn hélt um dyrastafinn, titraði lítið eitt.

- Hver er hér inni? Kallaði Árni hátt.

Ekkert svar.

En Árni vildi ekki gefast upp. Hann vissi upp á sína tíu fingur að það var einhver inni í flugskýlinu. Honum fannst hann meira að segja heyra andardrátt í myrkrinu.

- Hver er hérna inni? Kallaði hann hærra en áður.

Þögn.

Árna flaug í hug að réttast væri að ná í lögregluna. En það tæki nokkurn tíma og meðan gæfist náunganum tækifæri til að komast undan. Nei, hann mátti ekki hopa af hólmi, hann varð sjálfur að koma upp um þorparann, hvað sem það kostaði. Og ef hann ynni það afreksverk, mundi ekki standa á því að hann fengi framgengt vilja sínum í sambandi við flugtímana í skólanum.

11.

En það dugði ekki að standa hér í dyrunum eins og glópur og láta hugann reika, eitthvað varð að aðhafast. Svo mikill var ákafinn í Árna, líkt og veiðimanns, sem kemst í færi við bráð, að hann gætti þess ekki að það hlaut að vera ofurefli fyrir hann einan að etja kappi við innbrotspjófa, kannski vopnaða.

Árni gerði sér ekki heldur grein fyrir hvernig hann ætti að sigrast á mótstöðumanni eða mönnum sínum. En fyrsta atriðið í viðureigninni hlaut að vera að kveikja ljós.

Árni var ekki svo kunnugur í flugskýlinu að hann vissi hvar rofarnir voru. En sennilegt var að þeir væru ekki langt frá dyrunum. Hann hafði ekki eldspýtu til að bregða upp, enda gat það verið stórhættulegt, þar sem gera mátti ráð fyrir að loftið þarna inni væri mettað bensíneimi og gæti orsakað ægilega sprengingu. Nú kom það sér illa að hafa ekki vasaljós.

Árni herti upp hugann, þokaði sér hljóðlega inn úr dyrunum og þreifaði sig áfram meðfram veggnum í leit að rofanum.

Inni í flugskýlinu var niðamyrkur en inn um dyrnar lagði ofurlitla skímu sem var nóg til þess að það hlaut að sjást greinilega ef einhver gekk um þær. Árni hafði heldur ekki augun af dyrunum og hann var tilbúinn að veita hverjum þeim eftirför sem reyndi að flýja út um þær.

Hvernig sem Árni þreifaði og fálmaði fyrir sér, fann hann samt ekki neinn rofa. Kannski var sá sem faldi sig í skjóli myrkursins búinn að höggva sundur rafmagns-leiðslurnar svo að ekki væri hægt að kveikja.

12.

Allt í einu heyrðist eitthvert þrusk úti í horni á flugskýlinu.

Hjartað í brjósti Árna tók snöggan kipp og hann hélt niðri í sér andanum og hlustaði.

Þei, þei! – Nú heyrðist þruskið aftur en lægra en áður. Það var eins og einhver skriði á fjórum fótum í leit að felustað.

Árni þokaði sér hljóðlega fet fyrir fet þangað sem honum heyrðist hljóðið vera en jafnframt þreifaði hann vandlega fyrir sér hvort hann rækist ekki á rofa. Það yrði nógu erfitt að fást við þrjótinn þó að ekki væri kolamyrkur.

Nú gerðist dálítið óvænt svo að Árni var nærri búinn að reka upp undrunar- og angistaróp. Inni við gafl á fluskýlinu, á allt öðrum stað en þruskið heyrðist, brá fyrir skærum ljósbjarma. Það var engu líkara en kveikt hefði verið á vasaljósi og slökkt á því strax aftur.

Árna fór nú ekki að verða um sel. Það leit út fyrir að innbrotspjófarnir væru tveir eða fleiri. Þá ættu þeir alls kostar við hann einan. Þeir gætu bundið hann eða gert við hann hvað sem þeim sýndist. Það var furðulegt að þrjótarnir skyldu ekki vera búnir að ráðast á hann.

Árni hugsaði sig um litla stund, hvað gera skyldi. Hann komst að þeirri niðurstöðu að hann yrði að ná í hjálp, hvað sem það kostaði. Kannski gat hann lokað flugskýlinu svo rammlega að utanverðu að þjófarnir kæmust ekki út. Það var maklegt að hann veiddi þá eins og mýs í gildru.